



Hafnarfjörður

Hafnarfirði 13. febrúar 2023

Minnisblað: Bjartir dagar aftur í júní 2023

Bjartir dagar eru menningarhátíð sem hefur endurspeglað allt það fjölbreytta menningarstarf sem á sér stað í Hafnarfirði í tuttugu ár. Upphaflega hófst hátíðin í júní ár hvert en árið 2014 var ákveðið að hátíðin skyldi fara fram í kringum Sumardaginn fyrsta í apríl. Síðan þá hefur hátíðin hafist síðasta vetrardag með sumarsöng á Thorsplani, afhendingu menningarviðurkenninga og HEIMA hátíðinni sem hefur heldur betur fest sig í sessi undanfarin ár sem einstök tónlistarhátíð sem býður upp á öðruvísi upplifun og mikla nánd.

Á vinnufundi viðburðastjóra menningarstofnanna í byrjun febrúar var farið yfir ýmsar hefðir í dagskrá Bjartra daga og kosti og galla þess að halda hátíðina í apríl eða júní. Niðurstaða fundarins var að skynsamlegt væri að færa hátíðina á sinn upprunalega tíma og halda hátíðina á bjartasta tíma ársins, í júní ár hvert, þegar veður er betra til menningarupplifunar og útivistar. Því er lagt til að Bjartir dagar fari framvegis fram í júní ár hvert.

Í gegnum tíðina hafa fjölmargar stofnanir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar staðið fyrir fjölbreyttri dagskrá á Björtum dögum og tekið þátt í að skapa viðburði um allan bæ. Þeir sem hafa áhuga á að halda viðburði undir merkjum Bjartra daga geta sent verkefnastjóra þátttökuumsókn á menning@hafnarfjordur.is.

Til þess að styðja við frumvæðisverkefni er lagt til að hluta af fjármagni Bjartra daga, allt að einni milljón, verði úthlutað til ýmissa verkefna sem fara fram á Björtum dögum. Taka mætti til skoðunar hvort verkefnastyrkirnir ættu að vera til verkefna sem fara fram á fyrirfram ákveðnum dögum og stöðum. Beiðni um fjárframlag skal senda á menning@hafnarfjordur.is fyrir 20. apríl og úthlutun verður lokið fyrir 1. maí. Við úthlutun verður tekið mið af reglum menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar um styrki til menningarstarfsemi.

Sem fyrr heldur verkefnastjóri utan um almenna skipulagningu og samhæfingu viðburða, stendur fyrir útgáfu dagskrár og kynnir hátíðina. Hér fyrir neðan eru helstu dagskrárlínur til þess að hefja undirbúning dagskrá Bjartra daga.

Bjartir dagar 1.-23. júní 2023:

Fimmtudagurinn 1. júní – 115 ára afmælisdagur Hafnarfjarðarkaupstaðar

- Leikskólalist um allan bæ og þriðjubekkingar syngja inn sumarið á Thorsplani
- Sýningaropnun á Byggðasafni Hafnarfjarðar

Föstudagurinn 2. júní (fyrsti föstudagur í júní)

- Gakktu í bæinn! Söfn, vinnustofur listamanna og verslanir verði opnar fram á kvöld

Sunnudagurinn 4. júní (fyrsti sunnudagur í júní nema hann sé Hvítasunnudagur)

- Sjómannadagurinn í Hafnarfirði – hátíðarhöld við Flensborgarhöfn



Hafnarfjörður

Miðvikudagurinn 7. júní og alla miðvikudaga í júní

- Fyrsta menningar- og heilsuganga sumarsins

Fimmtudagurinn 8. júní

- Hafnarfjarðarhlaupið verður haldið í fyrsta skipti

Laugardagurinn 17. júní – Þjóðhátíðardagurinn

- Fjölbreytt hátíðar- og skemmtidagskrá sem teygir sig um allan miðbæinn

Laugardagurinn 23. júní

- Hellisgerði 100 ára

Allan júní

- Íþróttaviðburðir í heilsuþænum Hafnarfirði, tónleikar, ýmis félagasamtök standa að viðburðum, menningarstofnanir bæjarins standa fyrir öflugri dagskrá og margt fleira.

Dagskrá á sama tíma og áður:

Miðvikudagur 19. apríl – Síðasti vetrardagur

- Afhending menningarstyrkja, styrkja úr húsverndarsjóði og bæjarlistamaður Hafnarfjarðar útnefndur
- HEIMA í Hafnarfirði

Fimmtudagur 20. apríl – Sumardagurinn fyrsti

- Fuglaskoðun Skógræktarfélags Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn eða menningarganga Byggðasafns Hafnarfjarðar
- Hádegistónleikar í Hafnarborg
- Víðavangshlaup frjálsíþróttadeildar FH á Thorsplani
- Skrúðganga frá Thorsplani að Hraunbyrgi
- Skátadagskrá við Hraunbyrgi og á Víðistaðatúni í umsjá skátafélagsins Hraunbúa
- Tónleikar í Bókasafni Hafnarfjarðar

Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála